

HVAÐ ER VISTSPOR?

SKOÐUM ÞAÐ SAMAN

VISTSPOR ER MÆLIKVARÐI



Vistspor er mælikvarði á það hversu mikið við tökum frá jörðinni
Mælikvarði er leið til að sýna hversu stórt eða lítið eitthvað er, bara í annarri stærð

Jörðin gefur okkur allt sem við þurfum, matinn sem við borðum, fötin
sem við klæðumst og orkuna sem við notum



Horfðu í kringum þig, allt sem þú sérð kemur frá jörðinni



Vistsporið sýnir hversu mikið pláss við notum á jörðinni og hversu mikinn úrgang og mengun við skiljum eftir okkur

Hvor jörðina viljum við?

ÞUNGT EÐA LÉTT VISTSPOR



Ef við t.d. kaupum mikið af óþarfa dóti, hendum mat eða skiljum ljósin eftir kveikt, þá verður vistsporið okkar **stórt og þungt**

Ef við förum vel með hlutina okkar og spörum orku, verður vistsporið okkar **lítið og létt**

Markmiðið okkar er að lifa þannig að jörðin náði að endurnýja það sem við notum

Hvernig heldur þú að sporið þitt sé? Hvernig vilt þú hafa það?

HVERNIG TENGIST ORKA OG VISTSPOR?



Orka er notuð í allt sem við gerum!

Hún er ekki bara í ljósunum okkar, heldur var hún líka notuð til að búa til fötin þín, leikföngin og matinn. Þegar við notum orku erum við að nýta náttúruna.

Því meiri orku sem við notum, því stærra verður vistsporið okkar

Með því að spara **orku** hjálpum við náttúrunni og minnkum **vistsporið** okkar

